

Aðgerðaráætlun vegna tillagna Haraldar L. Haraldssonar

Nr. 1. skuldir B - hluta stofnana við aðalsjóð.

Lagt er til að kannað verði hversu raunhæfar kröfur aðalsjóðs á B-hluta stofnanir eru. Þær kröfur, sem ekki eru taldar innheimtanlegar, verði afskrifaðar.

Þetta verður skoðað og staða málaflokkana greind. Skoðað verður hvað þarf að koma til svo að rekstur B -hluta stofnana verði sjálfbær. Lokið fyrir gerð fjárhagsáætlunar 2020.

Nr. 2. Langtímaskuldir.

Lagt er til að kanna hvort hægt sé að endurfjármagna eldri lán með hagstæðaríkjörum.

Þetta hefur verið skoðað og ekki reyndist hægt að greiða óhagstæðustu lánin upp en verður tekið til skoðunar aftur. Lokið fyrir gerð fjárhagsáætlunar 2020.

Nr. 3. Arður B - hluta stofnana í samstæðu reikningi.

Lagt er til að skoðað verði hvort ekki gefi réttari mynd af fjárhag sveitarfélagsins að greiddur arður B-hluta stofnana sé jafnaður út í samstæðureikningi sveitarfélagsins.

Þetta verður skoðað í samráði við endurskoðendur sveitarfélagsins við gerð ársreiknings.

Nr. 4. Rekstur B -hluta stofnana verði gerður sjálfbær.

Lagt er til að lögð verði áhersla á að gera rekstur allra B-hluta stofnana sjálfbæran.

Þetta verður skoðað samhliða tillögu nr. 1.

Nr. 5. Fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun.

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við forstöðumenn að óheimilt er skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun.

Brýnt er að forstöðumenn stofnanna séu meðvitaðir um það að skv. sveitarstjórnarlögum er óheimilt að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun. Upplýsingabréf verður sent á forstöðumenn í mars og þetta ítrekað. Áminningarbréf verður sent til forstöðumanna ef í ljós kemur að deildin er yfir áætlun og óskað skýringa á yfirkeyrslu og hvernig viðkomandi forstöðumaður ætlar að bregðast við til að haldast innan áætlunar í árslok. Fylgst verður með þessu mánaðarlega. Þessi vinna er nú þegar hafin.

Nr. 6. Vinna við gerð fjárhagsáætlunar.

Lagt er til að fjármálasvið komi meira að gerð fjárhagsáætlunar með forstöðumönnum en verið hefur.

Fjármálasvið kemur mikið að gerð fjárhagsáætlunar í dag og er til taks fyrir alla forstöðumenn. Í dag er verið að áætla laun niður á hvern starfsmann hjá sveitarfélaginu. Fjármálasvið mun skerpa á ferlum varðandi vinnuna og byrja áætlunarvinnuna fyrr.

Nr. 7. Greinargerð með fjárhagsáætlun.

Lagt er til að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir hverjum útgjaldalið. Tekið sé sérstaklega fram hvernig eigi að ná fram tilsettum markmiðum.

Ítarlegri greinargerð mun fylgja fjárhagsáætlun haustið 2019 og mun hagdeild vinna að því með sviðsstjórum og deildarstjórum eftir því sem við á.

Nr. 8. Greiðsluáætlun.

Lagt er til að gerð verði greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hvern útgjaldalið. Launum í hverjum mánuði hjá hverri stofnun verði skipt niður á starfsmenn. Þetta verði gert strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir. Síðan verði rauntölur hvers mánaðar bornar saman við áætlun mánaðarins. Á sama hátt verði gerð áætlun um fjölda stöðugilda hjá hverri stofnun í hverjum mánuði ársins.

Hægt er að gera greiðsluáætlun í Navision bókhaldskerfinu. Vinna þarf ákveðna grunnvinnu áður en hægt er að birta greiðsluáætlun. Stefnt er því að byrja þessa vinnu fyrir sumarið.

Nr. 9. Áætlun um sjóðsstöðu.

Lagt er til að á fyrsta virkum degi í hverjum mánuði leggi fjármálastjóri fyrir bæjarstjóra samanburð á áætlaðri sjóðsstöðu sveitarfélagsins og raunstöðu fyrir viðkomandi mánuð.

Í dag er sjóðstreymi ekki áætlað niður á mánuði. Vinna þarf í því að skoða það. Farið verður í þá vinnu fyrir sumarið.

Nr. 10. Reglulegir fundir.

Lagt er til að fjármálastjóri eigi reglulega mánaðarlega fundi með forstöðumönnum, þar sem farið er yfir rauntölur í rekstri og þær bornar saman við áætlun. Virðist sem svo að kostnaður sé að fara fram úr áætlun verði tekin ákvörðun um hvernig brugðist verði við því.

Fjármálastjóri eða starfsmaður hagdeildar mun halda reglulega fundi með þeim forstöðumönnum sem halda sig ekki innan áætlunar hverju sinni. Ekki er tilefni til að fjármálastjóri fundi með öllum forstöðumönnum mánaðarlega heldur eingöngu þeim sem ekki standast áætlanir.

Nr. 11. Vikulegir fundir æðstu stjórnenda.

Lagt er til að bæjarstjóri eigi reglulega vikulega fundi með sviðsstjórum.

Lokið þann 15. nóvember 2018.

Nr. 12. Reglulegir fundir bæjarstjóra með æðstu stjórnendum.

Lagt er til að bæjarstjóri eigi reglulega fundi með hverjum sviðsstjóra fyrir sig.

Lokið 31. janúar 2019.

Nr. 13. Fundir vegna fjárhagsáætlunar og ársreiknings.

Lagt er til að haldnir verði fundir með öllum forstöðumönnum sveitarfélagsins um fjárhagsáætlun og ársreikning sveitarfélagsins ár hvert.

Haldinn verður fundur með forstöðumönnum fyrir 1. júní ár hvert og farið yfir niðurstöðu ársreiknings síðastliðins árs.

Haldinn verður fundur með forstöðumönnum fyrir upphaf fjárhagsáætlunarvinnu og farið yfir forsendur og vinnutilhögun. Einnig verður haldinn fundur með forstöðumönnum fyrir 20. desember ár hvert og farið yfir samþykka fjárhagsáætlun.

Nr. 14. Samþykkt reikninga umfram fjárheimild.

Lagt er til að kanna það fyrirkomulag að ekki sé hægt að samþykkja reikninga vélrænt umfram fjárheimild skv. greiðsluáætlun. Ef það er mögulegt verði því hrint í framkvæmd.

Það verður kannað hjá söluaðila bókhaldskerfis hvort hægt er að hrinda þessari tillögu í framkvæmd.

Nr. 15. Uppáskrift reikninga.

Lagt er til að forstöðumenn stofnana samþykki reikninga fyrir sína stofnun. Jafnframt að þeir samþykki alla reikninga vegna viðkomandi stofnunar, þ.m.t. vegna leigu, fyrir rafmagn og hita o.s.frv.

Það er til mikilla bóta að einfalda uppáskrift reikninga og verður þessari tillögu hrint í framkvæmd í samráði við aðra sviðsstjóra.

Nr. 16. Lyklun reikninga.

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við starfsmenn að reikningar séu lyklaðir á réttan bókhaldslykil.

Haldið verður áfram að leggja áherslu á það við þá er stofna til útgjalda hjá sveitarfélaginu að reikningar séu merktir viðkomandi stofnun eða deild. Merktir reikningar auðvelda bæði rétta skráningu og vinnu. Oft berast reikningar til bókhaldsdeildar ómerktir og ókvittaðir. Árangur verði metinn í október 2019.

Nr. 17. Viðaukar.

Leggja ber áherslu á að lögum varðandi viðauka sé fylgt eftir, bæði hvað varðar samþykkt viðauka og tilkynningu þeirra til ráðuneytisins eins og lögin kveða á um.

Þessu var komið í rétt horf í janúar 2019. Mikilvægt er að stilla gerð viðauka í hóf. Kynna þarf verklagsreglur viðauka vel fyrir sviðsstjórum og bæjarfulltrúum og er mikilvægt að unnið sé skv. þeim reglum. Mikilvægt er að viðaukar séu ekki samþykktir nema í fullu samráði við fjármálastjóra.

Nr. 18. Fjárhagsáætlun segir til um fjárheimild.

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við starfsmenn að fjárhagsáætlun er ekki einungis markmið heldur segi áætlunin til um þá fjárheimild sem viðkomandi stofnun hefur. Strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir geri viðkomandi forstöðumenn grein fyrir því að starfsemin, eins og hún er fyrirhuguð, geti staðist fjárheimild til stofnunarinnar. Jafnframt verði lögð áhersla á að mánaðarlegri greiðsluáætlun verði fylgt. Komi fram að hún ætli ekki að standast verði strax gripið inn í með aðhaldsaðgerðum.

Á fundi með forstöðumönnum við upphaf fjárhagsáætlunarvinnu og einnig eftir að fjárhagsáætlun er samþykkt verður lögð áhersla á það að samþykkt áætlun er fjárheimild viðkomandi en ekki markmið eða viðmið og frá henni má ekki víkja.

Nr. 19. Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga.

Lagt er til að bæjarstjórn geri sveitarstjórnarráðuneytinu grein fyrir því hversu mikið hallar á Sveitarfélagið Árborg þegar skatttekjur, þ.m.t. framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á hvern íbúa eru skoðaðar og bornar saman á milli sveitarfélaga. Með það að markmiði að fá fram leiðréttingu.

Óskað verði eftir fundi með ráðuneyti og Jöfnunarsjóði og stefnt að fyrsta fundi ekki síðar en í apríl 2019.

Nr. 20. Yfirvinna.

Lagt er til að þeirri reglu verði fylgt að föst yfirtíð nái yfir alla yfirvinnu og óþægindi utan vinnutíma.

Ekki á að greiða yfirvinnutíma umfram fasta yfirvinnutíma hjá Sveitarfélaginu Árborg. Sé það raunin þarf að skoða það í samráði við laundeild, mannauðsstjóra og alla sviðsstjóra. Úttekt á þessu verði lokið ekki síðar en í september 2019.

Nr. 21. Hutfall launa af tekjum sveitarfélagsins.

Lagt er til að bæjarstjórn setji sér ákveðið takmark um hlutfall launa af tekjum. Markmiðið verði tímasett.

Í aðdraganda fjárhagsáætlunar vegna 2020 leggi bæjarstjórn mat á þessa tillögu og taki afstöðu til hugsanlegt takmarks um hlutfall launa af tekjum.

Nr. 22. Fjöldi stöðugilda samkvæmt fjárhagsáætlun.

Lagt er til að lögð verði áhersla á að fjöldi stöðugilda hjá hverri stofnun sé í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Sé metið að stöðugildi þurfi að vera fleiri en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir þurfi samþykki bæjarráðs/bæjarstjórnar fyrir því.

Það á að vera unnið samkvæmt þessari tillögu í dag. Staðan endurmetin í september 2019.

Nr. 23. Fjölgun stöðugilda.

Lagt er til að ef komi fram ósk um fjölgun stöðugilda þá verði lagður fram rökstuðningur fyrir því sem síðan mannauðsstjóri og fjármálastjóri fari yfir og meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.

Verður hrint í framkvæmd strax og unnið í samráði fjármálastjóra, mannauðsstjóra og sviðsstjóra.

Nr. 24. Útboð.

Lagt er til að öll þjónustukaup, svo sem ræstingar, tryggingar, símaþjónusta (internet tenging) o.s.frv. hjá sveitarfélaginu, verði boðin út reglulega. Þetta verði gert a.m.k. á þriggja ára fresti. Lagt er til að öll innkaup á rekstrarvörum verði boðin út og leitað eftir hagstæðum tilboðum. Þetta verði gert reglulega.

Farið verður í vinnu við að búa til ferla/áætlanir um að þetta verði skoðað reglulega. Rætt verður við alla sem koma að innkaupum. Staðan metin í september 2019.

Nr. 25. Öryggisgæsla.

Lagt er til að kanna hvort draga megi úr kaupum á þjónustu vegna öryggisgæslu hjá Sveitarfélaginu Árborg.

Gera þarf úttekt á öryggisgæslunni. Spurning hvort hægt er að fækkka byggingum með öryggiskerfi og eða minnka þjónustustigið. Einnig þarf að skoða útkalls vandamál í hjá sumum stofnunum. Farið verður í þessa vinnu í apríl

Nr. 26. Orkunotkun.

Tillagan felst í því að forstöðumönnum verði falið að skrá mánaðarlega alla rafmagnsnotkun og hitunarkostnað og borin saman á milli mánaða. Forstöðumenn bera ábyrgð á rekstarkostnaði sinnar starfssemi og er ábending Haraldar góð ábending til að leita leiða til að minnka rekstarkostnað og tryggja betra eftirlit með útgjaldaliðum. Ekkert er því til fyrirstöðu að forstöðumenn tileinki sér þessi vinnubrögð strax, sumir gera þetta nú þegar. Hægt verður að hnykkja á þessu atriði í fjárhagsáætlunarvinnu í haust. Það er mjög skynsamlegt að innleiða slík vinnubrögð en búast við á næstu misserum að innleiðinga snjallmæla hjá orkufyrirtækjum skili af sér slíkum gögnum og þá jafnvel í rauntíma. Tækifæri gefst þá til að sjálfvirknivæða þennan verkferill.

Nr. 27. Skipurit fjármálaþjónustu.

Lagt er til að fjármálaþjónusta sveitarfélagsins skiptist í fjórar deildir og yfirmaður sviðsins beri starfsheitið fjármálastjóri eins og verið hefur. Yfir hverri deild verði deildarstjóri.

Nýtt skipurit fjármálasviðs tók gildi 1. mars 2019 og er unnið skv. því í dag.

Nr. 28. Fjárreiðudeild.

Lagt er til að við fjárreiðudeild verði fjögur stöðugildi, þar af verði einn deildarstjóri fjárreiðudeildar. Deildin annist alla innheimtu og greiðslu reikninga fyrir sveitarfélagið þ.m.t. fyrir Selfossveitur bs.

Helstu verkefni deildarinnar er útgáfa, greiðsla og innheimta á reikningum.

Deildin er tekin til starfa, verið er að vinna í því að skipuleggja það að taka við þeim verkefnum sem tilheyra deildinni og einnig að færa verkefni sem tilheyra öðrum á réttar deildir.

Markmið er að deildin verði að fullu komin með öll þau verkefni sem henni tilheyra í haust.

Byrjað verður á því að taka yfir reikninga vegna leikskóla í mars mánuði og skólavistun og skólamat í apríl.

Nr. 29. Bókhaldsdeild.

Lagt er til að bókhaldseild verði skipuð þremur stöðugildum að meðtöldum deildarstjóra. Deildin annist allt bókhald og uppgjör fyrir sveitarfélagið.

Deildin hefur tekið til starfa og er vinna hafin við það að koma öllu bókhaldi Sólvalla á deildina. Bókhaldsdeildin færir bókhald Sólvalla fyrir árið 2019.

Nr. 30. Launadeild.

Lagt er til að launadeildin verði skipuð 1,73 stöðugildi eins og nú er. Annar starfsmaðurinn verði deildarstjóri launadeildar. Deildin annist öll mál er tengjast launum starfsmanna sveitarfélagsins.

Deildin sér um öll launamál sveitarfélagsins og vinnur með mannauðsstjóra að ýmsum málum þeim tengdum. Deildarstjóri er tekin til starfa.

Nr. 31. Hagdeild.

Lagt er til að hagdeild verði skipuð tveimur stöðugildum, þar af verði eitt stöðugildi deildarstjóra hagdeildar.

Helstu verkefni deildarinnar er að sjá um fjárhagslegt eftirlit með rekstri stofnanna, áætlunargerð og innkaupastjórnun.

Deildin er tekin til starfa, verið er að vinna í því að skipuleggja það að taka við þeim verkefnum sem tilheyra deildinni og einnig að færa verkefni sem tilheyra öðrum á réttar deildir.

Markmið er að deildin verði að fullu komin með öll þau verkefni sem henni tilheyra í haust.

Nr. 32. Fjármála- og stjórnsýslukerfi.

Lagt er til að öll fjármála- og stjórnsýslukerfi hjá sveitarfélaginu verði uppfærð þannig að allt sem þessi kerfi bjóða upp á verði nýtt svo sem kostur er. Jafnframt verði skoðað með önnur kerfi ef þau bjóða upp á frekari úrvinnslu en núverandi kerfi.

Vinna samkvæmt þessari tillögu hefst nú þegar. Í október verði lagt mat á framvinduna og hvað þá verði enn óunnið til að ná fullnaðarárangri.

Nr. 33. Rafrænar lausnir.

Lagt er til að Sveitarfélagið Árborg leggi áherslu á rafrænar lausnir og dragi þannig verulegu úr notkun á pappír.

Vinna samkvæmt þessari tillögu hefst nú þegar. Í október verði lagt mat á framvinduna og hvað þá verði enn óunnið til að ná fullnaðarárangri.

Nr. 34. Rafræn eyðublöð.

Lagt er til að hægt verði að sækja um ýmsa þjónustu hjá sveitarfélaginu á heimasíðu á rafrænan hátt.

Þessi vegferð er nú þegar hafin með innleiðingar á OneLand, OneRobot. Unnið verður frekar að þessari tillögu í tengslum við nýjan Árborgarvef. Stefnt er að því að þessu verkefni verði lokið á haustdögum 2019.

Nr. 35. Selfossveitur BS., upplýsingagjöf.

Lagt er til að upplýsingagjöf á vef sveitarfélagsins varðandi Selfossveitur verði efl.

Mat verði lagt á leiðir til úrbóta í apríl og það lagt inn í þarfagreiningu fyrir nýjan Árborgarvef. Um þetta verði samstarf með Selfossvitum og stjórnýslusviði. Stefnt verði af úrbótum fyrir sumarið en frambúðarlausn fyrir árslok.

Nr. 36. Fasteignaskráning.

Lagt er til að kannað verði hvort ekki sé hægt að draga úr vinnu við að leiðrétta fasteignaskrá innan ársins.

Ákveðið hefur verið að ræða við Hafnarfjörð og Reykjanesbæ og heyra hvernig þessu er háttar hjá þeim með það að markmiði að einfalda vinnuna. Rætt verður við þessi sveitarfélög í mars/apríl. Staðan metin í september 2019.

Nr. 37. Þjónustuver

Lagt er til að þjónustuverið verði eflt þannig að það svari svo sem kostur er hinum ýmsu fyrirspurnum þjónustuþega.

Nú þegar hefur verið hafist handa við þessa vinnu. Starfsfólki í þjónustuveri gefst nú svigrúm til að efla og bæta stöðu sína og þekkingu á tímanum milli 8:00 og 10:00 á morgnana. Unnið verður enn frekar að úrbótum í þessa veru þegar nýr bæjarritari tekur til starfa. Jafnframt mun nýjum Árborgarvef ætlað að styðja við þessa viðleitni.

Nr. 38. Innkaupakort.

Lagt er til að skoðað verði að draga úr notkun innkaupakorta og deildarstjóri bókhaldsdeildar hafi yfirumsjón með innkaupakortum. Jafnframt verði settar reglur um notkun á kreditkortum.

Skoðað verður hvort hægt er að fækka innkaupakortum. Deildarstjóri bókhaldsdeildar mun hafa yfirumsjón með innkaupakortunum og taka ákvörðun um ný kort í samráði við fjármálastjóra. Verkerlar vegna kreditkorta verða einnig endurskoðaðir. Farið verður í þessa vinnu í maí.

Nr. 39. Fundagerðir.

Lagt er til að skoðað verði að gera meðferð fundargerða einfaldara en nú er.

Innleiðingu fundargáttar OneSystems er nú lokið og öll eftirvinnslu fundargerða er hér með aflögð.

Nr. 40. Skjalavarsla.

Lagt er til að skoðað verði hvort ekki megi draga úr geymslu á bókhaldsgögnum.

Skjalastjóri og bæjarritari leggi mat á þessa tillögu og leggi fram niðurstöður í síðasta lagi í maí 2019.

Nr. 41. Gögn fyrir fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Lagt er til að hætt verði að láta bæjarráð og bæjarstjórn hafa ljósrituð gögn send í tölvupósti fyrir hvern fund. Í stað þess fái bæjarfulltrúar aðgang að skjalakerfi bæjarins þannig að þeir geti annars vegar skoðað ný gögn varðandi viðkomandi mál og öll eldri gögn sem eru undir viðkomandi máli á dagskrá viðkomandi fundar.

Innleiðingu fundargáttar OneSystems er nú lokið og hætt að senda ljósrituð gögn í tölvupósti.

Nr. 42. Endurskoðun.

Lagt er til að endurskoðun á reikningum sveitarfélagsins verði boðin út eins og önnur þjónustukaup hjá sveitarfélaginu.

Farið verður í þessa vinnu og unnið í því að bjóða þetta út á þessu ári.

Nr. 43. Lögfræðiþjónusta.

Lagt er til að kostnaður vegna lögfræðiþjónustu verði tekinn til skoðunar og þá hvort ekki sé hægt að draga úr honum.

Ráðinn hefur verið bæjarritari til starfa og eru bundnar vonir við að lögfræðikostnaður lækki eitthvað við það. Kostnaður þessi verður tekinn til skoðunar og niðurstöður liggi fyrir við gerð fjárhagsáætlunar haustið 2019.

Nr. 44. Greiðslur vegna fjárhagsaðstoðar

Lagt er til að skoðað verði að fjárreiðudeild fjármálaþjónustu annist greiðslur vegna fjárhagsaðstoðar.

Í dag greiðir rekstrarfulltrúi út alla fjárhagsaðstoð. Deildatjóri sér ekki því til fyrirstöðu að sú greiðsla færist til annarra aðila og mun vilja vinna það með sviðstjóra fjármálasviðs. Skoðað verður í maí mánuði að taka þessar greiðslur yfir á fjárreiðudeildina og tækju þessar breytingar gildi fyrir lok árs 2019.

Nr. 45. Málefni fatlaðra

Deildarstjóri virkni- og stoðþjónustudeildar er tengiliður við greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins og Jöfnunarsjóð fyrir Suðurland en líkt og kemur fram í skýrslu Róberts Ragnarssonar um stöðu málefna fatlaðra á þjónustusvæði Suðurlands þá vantar að gögn séu geymd á einum stað svo að heildarsýn ríki á svæðinu. Á síðasta aðalfundi Bergrisans bs var stjórn falið að fara yfir skýrslu RR og koma með tillögur.

Nr. 46. Daggæsla í heimahúsum

Tillagan hefur að hluta verið samþykkt í bæjarstjórn með breytingu á skipuriti en þó án frekari útfærslu. Daggæsluteymi þvert á þær fagdeildir, sem koma að þessum málum, verði stofnað í mars 2019. Nánari útfærsla á verklagi verði svo lögð fram í félagsmálanefnd og fræðslunefnd.

Nr. 47. Leiguíbúðir

Lagt er til að einn aðili hjá félagsþjónustu haldi utan um umsóknir og útleigu á leiguíbúðum hjá sveitarfélaginu. Að mati beggja deildarstjóra í félagsþjónustu er faglegra að hafa óbreytt skipulag þ.e. að forstöðumaður félagslegrar heimþjónustu og deildarstjóri virkni- og

stoðþjónustudeildar haldi utan um biðlista eftir leiguíbúðum í Grænumörk 1., 3. og 5 enda eru þeir með málaflokk eldri borgara og hafa því snertiflöt við flesta umsækjendur.

Nr. 48. Mat á umsóknum um félagslgar leiguíbúðir

Lagt er til að kannað verði hvort ekki sé hægt að meta umóknir um félagslegrar leiguíbúðir varðandi tekju og eignamörk rafrænt. Þessa vinna er þegar hafin með því að gera umsóknirnar rafrænar og með því að fólk gefi leyfi til að hægt sé að kalla eftir þessum upplýsingum rafrænt. Þetta mun tengjast nýja „Árborgarvefnum“ tímasetning á vefnum er óljóst. Þetta mun haldast í hendur við þá vinnu.

Nr. 49. Samningur um leiguíbúðir

Lagt er til að starfsmaður félagsþjónustu sem annast félagslegar leiguíbúðir annist jafnframt gerð leigusamninga. Í dag hefur framkvæmdastjóri (bæjartjóri) skrifað undir leigusamninga. Lagt er til að starfsmaður hagdeildar sjái um að útbúa leigusamninga og deildastjóri hagdeildar skrifi undir samninga. Rökin fyrir því eru að á þessari deild eru upplýsingar hversu há leigan er á hverri íbúð fyrir sig og eftirfylgni um innheimtu á leigugreiðslum. Ræða þarf þessi mál við sviðstjóra fjármálsviðs. Áætlun um verklok eru í maí 2019.

Nr. 50. Deildarstjóri og húsumsjón að Grænumörk 1., 3. og 5

Lagt er til að skoðað verði stöðugildi deildarstjóra, húsumsjónarmanns og útkeyrslu á mat en sami starfsmaður sinnir fyrrgreindum störfum í 90% stöðugildi. Nýlega sagði SS upp samningi sínum við sveitarfélagið vegna heimsends matar. Uppsögnin tekur gildi frá og með 1. maí nk. Deildarstjóri virkni- og stoðþjónustu leggur til að skipaður verði vinnuhópur til að skoða í hvaða farveg heimsendur matur eigi að fara í ljósi tillögu HLH sem og uppsögn SS. Í hópnum verði fulltrúar félaga eldri borgara (á Eyrarbakka, Stokkseyri og Selfossi), nefndarmaður úr félagsmálanefnd, forstöðumaður félagslegrar heimaþjónustu og deildarstjóri virkni- og stoðþjónustu.

Varðandi stöðugildi deildarstjóra vaktar, húsvarðar og sendils á bíl þarfnast sú tillaga frekari skoðunar m.a. út frá ofangreindu þ.e. að SS hefur sagt upp samningi vegna heimsends matar.

Nr. 51 Bifreið

Lagt er til að skoðað verði að bifreið sem keypt var fyrir starfseminu í Grænumörk verði seld. Bifreiðin sem um ræðir hefur fyrst og fremst verið nýtt í að keyra út heimsendum mat 3 daga vikunnar en eins hefur hann verið nýttur af starfsmönnum félagslegrar heimaþjónustu á kvöldin og um helgar sem og í aðrar ferðir. Forstöðumaður félagslegrar heimaþjónustu hefur óskað eftir að félagsleg heimaþjónusta sem sinnir innlitum og akstri í matvörubúðir með notendur sem og starfsmaður kvölds- og helgarþjónustu hafi til umráða bíl frá sveitarfélaginu en núverandi bíll er ekki sá hentugasti. Ekki er hægt að selja bifreiðina fyrir en ljóst er í hvaða ferli heimsendur matur fer og þá þarf sérstaklega að kostnaðargreina kosti og galla þess að sveitarfélagið festi kaup á litlum fólksbíl fyrir starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu.

Nr. 52 Ræstingar

Lagt er til að skoða verði hvort mögulegt sé að starfsmaður á vakt í Grænumörk 1., 3. og 5 annist að hluta til ræstingar að Grænumörk 1., 3 og 5.

Meðalaldur íbúa í Grænumörk 1., 3. og 5 er rúmlega 85 ár og er mjög sveiflukennt hversu mikið starfsmenn þurfa að sinna aðstoð inn á íbúðum þeirra. Helsta starf starfsmanna á vakt er öryggisvakt. Með tilkomu viðbyggingar við Grænumörk 5 bættist við hluti af þrifum á tveimur sölum á 1. hæð en einnig er verið að nýta velferðartæknina til að létta af kaupum á þrifum þ.e. keyptur var ryksugu róbót til að ryksuga salina daglega og jafnvel oft á dag. Það er mat okkar (forstöðumanns félagslegrar heimaþjónustu og deildarstjóra virkni- og stoðþjónustudeildar) að fara verður hægt í að bæta við þrifum á vaktstarfsmenn í Grænumörk 1., 3. og 5.

Nr. 53 Akstur vegna dagdvalar

Lagt er til að skoðað verði í hverju sá mikli munur á kostnaði vegna akstursþjónustu vegna dagdvalar liggur með það að markmiði að ná niður kostnaði. Aksturinn fyrir árið 2018 er nokkuð svipaður á milli dagdvala en eins og fram kemur í tillögu HLH þá geta notendur verið ýmist frá Selfossi og/eða Eyrarbakka sem veldur mismun á aksturskostnaði þe. eftir því sem vegalengdin er lengri því meiri kostnaður. Kostnaðurinn var mun meiri á milli dagdvala á árinu 2017 og skýrist það m.a. af lengd aksturs. Núverandi leigubílstjóri hefur sagt upp samningi sínum við sveitarfélagið en sökum aldurs þarf hann að hætta störfum en hann hefur keyrt fyrir dagdvölinu Vinaminni nánast frá opnun hennar og er mikill missir af honum. Samningurinn sem gerður var við hann árið 2009 hefur ekki tekið neinum hækkunum sem skýrir einnig lágan aksturskostnað í Vinaminni. Forstöðumaður dagdvalanna og deildarstjóri virknis- og stoðþjónustudeildar munu kanna hvort hagkvæmara sé að semja við leigubílastöð varðandi akstur fyrir báðar dagdvalir eða fá annan aðila til að sinna akstrinum. Einnig er vert að skoða hvort það sé hagkvæmara að kaup bíl sem starfsmenn Vinaminnis hefðu til afnota og hluti af þeirra starfi væri að sækja og keyra heim notendur. Ljúka þarf þeirri vinnu fyrir lok maímánaðar.

Nr. 54 Rekstrarútgjöld dagdeildar

Lagt er til að leitað verði skýringa á því af hverju halli var á rekstri Árbliks árið 2017 þegar tekjur stóðu undir gjöldum vegna reksturs Vinaminnis. Áætlun fyrir dagdvölinu Árblik fyrir árið 2017 var 15.687.000 kr en staðan við lok árs endaði í 14.984.609 kr eða 702.391 kr undir áætlun, því er ekki hægt að tala um að halli hafi verið á rekstri dagdvalarinnar. Hins vegar er ljóst að daggjöld vegna almennra dagdvalarrýma eru helmingi lægri en daggjöld fyrir sérhæfða dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun sem gerir það að verkum að rekstur almennrar dagdvalar er þyngri fyrir sveitarfélagið en rekstur sérhæfðrar dagdvalar.

Nr. 55. Tillögu vantar

Nr. 56. Frístundaklúbburinn Kotið, ræstingar.

Skoða þarf með tilliti til útboða á ræstingu fyrir fleiri stofnanir

Nr. 57. Breytingar á vistunartíma barna á leikskólum

Á samstarfsfundi sviðsstjóra og leikskólastjóra kom fram spurning hvort þetta samræmist barnasáttmála Sp. Tillöguna þarf að skoða betur og hvort þetta æskilegt.

Nr. 58. Opnun leikskóla að morgni

Þessi vinna hefur verið sett af stað og hver leikskólastjóri skoðar þessi mál vel hjá sér. Þetta getur verið mismunandi milli ára. Það borgar enginn leikskóli yfirvinnu í lok dags. Stefnt að því að slíkri samræmingu sé lokið eigi síðar en í júní 2019.

Nr. 59. Geymslur fyrir mat

Lagt er til að skoða verði hvort mögulegt er að stækka geymslur fyrir mat í leikskólum sveitarfélagsins og þær verði jafnframt læstar.

Nú er unnið að því að læsa öllum eldhúsum, einnig kælum og geymslum sem eru til staðar. Þá er aðstaðan ólík milli húsa. Deildarstjóri eignadeildar mun skoða þessa tillögu í samráði við forsvarsmenn viðkomandi stofnana. Stefnt er að því að þessari skoðun verði lokið fyrir fjárhagsáætlunarvinnu í haust.

Nr. 60. Ræstingar.

Lagt er til að ræstingakostnaður hjá Leikskólanum Jötunheimum og Leikskólanum Brimver/Æskukot verði skoðaður sérstaklega með hliðsjón af því hversu hár kostnaðurinn er hjá þessum leikskólum.

Leikskólastjóri Jötunheima hefur áður bent á þetta misræmi. Skoða þarf ræstingar í mörgum stofnunum sveitarfélagsins. Hingað til hefur ræstingabjónusta í m.a. leikskólum ekki verið boðin út á sama tíma og liggja ýmsar ástæður þar að baki. Það hefur skapað misræmi í kostnaði. Nú er lag að bjóða út alla ræstingu í skólum/leikskólum á sama tíma. Hefja þarf undirbúning sem fyrst og ljúka nýju útboði eigi síðar en í september 2019.

Nr. 61. Opnun í leikskólanum Jötunheimum

Leikskólastjóri Jötunheima gerir athugasemd við að sá leikskólinn sé nefndur sérstaklega þar sem þetta eigi við fleiri leikskóla í sveitarfélaginu. Mjög misjafnt er milli leikskóla hver fjöldi barna er sem kemur kl. 7:45 að morgni. Einnig er misjafnt hversu mörg börn eru til skólaloka dag hvern og það auðveldar ekki slíka samræmingu.

Nr. 62. Húsnæði leikskólans Álfheimar.

HLH leggur til að það verði forgangsverkefni að bæta húsnæðisaðstöðu Leikskólans Álfheima. Sveitarfélagið hefur tekið ákvörðun um að byggja viðbyggingu við Álfheima sem muni hýsa aðstöðu fyrir starfsmenn. Jafnframt verður eldhúsið endurhannað og endurnýjað í heild sinni. Aðstaða starfsmanna til umönnunar barna verður bætt í eldri hlutanum. Hönnun á viðbyggingu og endurbótum á eldra húsnæði er lokið og verður verkið boðið út í mars á þessu ári.

Fyrir gerð fjárhagsáætlunar 2020 liggja fyrir tímasett áætlun um nauðsynlegar endurbætur á Leikskólanum Árbæ.

Nr. 63. Nettenging

Tölvudeild þarf að koma þessu í lag sem fyrst og notkun á Völu – leikskólakerfi gerir kröfu um að þessi mál séu í lagi í öllum leikskólum sveitarfélagsins. Þessu verði lokið eigi síðar en í júní 2019.

Nr. 64. Orkukaup

Þarf að skoða þetta hjá eignadeild sem fyrst. Þarf helst að vera lokið eigi síðar en í apríl 2019.

Nr. 65. Kaup á mat.

Lagt er til að skoðað verði með sameiginleg innkaup á mat fyrir leikskóla sveitarfélaga að undangengnu útboði.

Skoða þarf þessa tillögu nánar með leikskólastjórum, grunnskólastjórum, matráðum, hagdeild og sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Leikskólastjórar eru jákvæðir fyrir þessari tillögu en undirbúa þarf þetta vel, tengist m.a. geymsluplássi. Sjálfsgagt að kynna þessa tillögu í samstarfshópi matráða en þar tekur alltaf a.m.k. einn skólastjóri þátt og sérfræðingur á fjármálasviði. Eðlilegt að vinna eftir nýju skipulagi í byrjun næsta skólaárs. Niðurstöður liggja fyrir í ágúst 2019.

Nr. 66. Veikindi starfsmanna á leikskólum

Í þessu sambandi er rétt að minna á að veikindi vegna væntanlegra fæðinga starfsmanna hafa aukist verulega á undanförunum árum. Í samstarfi við mannauðsstjóra sveitarfélagsins þarf að fara í frekari greiningarvinnu og huga að leiðum til að bæta starfsumhverfi í skólum, m.a. þarf að efla fræðslu til starfsmanna um kulnun, streitu o.fl. Leggja þarf meiri áherslu á heilsueflandi samfélag í Árborg. Sumir starfsmenn eru bæði að sinna börnum og öldruðum foreldrum. Oft ansi margir boltar á lofti hjá fólki og þá snýr þetta ekki bara að starfsumhverfi leikskólanna. Margir hafa tekið jákvætt í hugmyndina um að stytting vinnutímans verði í formi lengra jóla- og páskafría sem og haust- og vetrarfrí svipað og gerist í grunnskólunum. Þetta verkefni kallar m.a. á greiningarvinnu í Vinnstund og þarf að vinnast á næstu mánuðum og er í raun viðvarandi verkefni hjá Árborg og fleiri sveitarfélögum.

Nr. 67. Stöðugildi í leikskólum

Umræða um reiknilíkon hefur farið fram á samstarfsfundi fræðslustjóra og leikskólastjóra. Þar var áhersla lögð á að taka þurfi tillit til fjölda fatlaðra barna, tví- og fjöltýndra barna o.s.frv. út frá hugmyndafræðinni skóla fyrir alla. Leikskólastjórar vilja koma á framfæri að þjónusta við fötluð börn og börn með miklar sérþarfir hafi verið góð í Árborg í anda snemmtækrar íhlutunar. Ekki er beðið eftir greiningum ef barn þarf sérstakan stuðning eins og reiknilíkon hafa oft gert. Gott samráð hefur verið við starfsfólk skólaþjónustu í þessum málum. Skoða þarf sérstaklega misræmi á stöðugildum v/veikindaforfalla. Allt þarf að vera upp á borðum. Þessi skoðun á líkönunum er aðeins farin af stað hjá hagdeild fjármálasviðs og hjá sviðsstjóra fjölskyldusviðs og m.a. stendur til að fá kynningu á reiknilíkonum sem notuð eru hjá nokkrum sveitarfélögum og fylgjast með þeirri þróunarvinnu sem er í gangi út frá hugmyndafræðinni skóli fyrir alla.

Nr. 68. Skiptiborð

Þetta þarf að kaupa sem fyrst sem er liður í því að bæta starfsaðstæður starfsmanna og þjónustu við nemendur. Þessu verði lokið eigi síðar en í júní 2019.

Nr. 69. Skólaritari við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri

Nú þegar er vinna hafin hjá skólastjóra við breytingar sem eru í anda tillögunnar og ætti að vera lokið fyrir 1. ágúst 2019.

Nr. 70. Bifreið vegna Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Þetta þarf að skoða vel. Gæti verið örðugt ef húsvörður á einnig að sinna leikskólunum.

Nr. 71. Samkennsla árganga

Vinna er hafin við að þróa kennsluhættina í þessa átt og nú er stórt starfsþróunarverkefni í gangi í Árborg sem Anna Kristín Sigurðardóttir og Ingvar Sigurgeirsson leiða í samstarfi við skólastjóra og sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Stefnt er að enn stærra skrefi á næsta skólaári í BES, m.a. með teymiskennslu. Umbóta- og þróunarstarfið væri þó mun auðveldara ef allir nemendur, kennarar og stjórnendur væru á sömu starfsstöð.

Nr. 72. Ræstingar við Vallaskóla

Ætla þarf a.m.k. viku til að sinna alhreingerningu sem hefur verið önuð vegna frístundanámskeiða. Þá þyrfti að nýta annað húsnæði á meðan. Skólastjóra falið að vera í samráði við deildarstjóra menningar- og frístundaþjónustu um slíkt fyrirkomulag í sumar.

Nr. 73. Stuðningsfulltrúar við Vallaskóla

Í dag eru 2,5 stg. stuðningsfulltrúa á unglíngastiginu v/nemenda með miklar sérþarfir sem eru á því stigi. Unnið er að endurskipulagningu. Skólastjóri hefur vakið athygli á því að fremst í skýrslunni er talað um að skólafélagsfræðingur sé í Vallaskóla sem er ekki rétt.

Nr. 74. Umsjónarmenn skólahúsnæðis

Störfín í grunnskólunum eru fjölbætt, snúa m.a. að ýmsum fundum og viðburðum í skólanum. Umræða um tillöguna á samstarfsfundum með skólastjórum og leikskólastjórum hefur verið góð og allir eru sammála um það að fara yfir þessi mál með opnum huga með tilliti til breytinga frá og með næsta skólári. Þá þarf m.a. að endurskoða starfslýsingar og skipuleggja vinnutímamann vel svo hann nýtist bæði viðkomandi grunnskóla og þeim leikskólum er honum tengjast.

Nr. 75. Reglulegir fundir húsumsjónarmanna

Góð tillaga sem skólastjórar taka undir. Þessir fundir ættu að geta hafist innan fárra vikna og gott að miða við að fyrsti fundur verði eigi síðar en í apríl 2019.

Nr. 76. Yfirumsjón með ræstingum í grunnskólum

Í dag er húsvörður aðal tengiliður skólans við ræstingaverktaka en gott að taka þetta fram í starfslýsingu þegar hún verður endurskoðuð eigi síðar en í júní 2019.

Nr. 77. Tillögu vantar

Nr. 78. Skráning á orkunotkun

Eitthvað er gert af þessu en þarf að formgera betur í starfs- og verklýsingum.

Nr. 79. Sameiginleg innkaup

Slíkt þarf að vinna í góðu samstarfi við matráða og lagt til að sérfræðingur á hagsviði skoði þessi mál að höfðu samráði við sviðsstjóra og skólastjóra. Lagt verði mat á m.a mögulegt verklag og yfirumsjón með slíkum innkaupum ef af verður.

Nr. 80. Úthlutunarlíkan vegna grunnskóla sveitarfélagsins.

Lagt er til að sveitarfélagið marki stefnu um fjölda stöðugilda í grunnskólum sveitarfélagsins. Sett verði upp reiknilíkan sem áætli úthlutun á fjárheimildum vegna stöðugilda til hvers grunnskóla.

Notast hefur verið við gamalt líkan í Árborg, a.m.k. að hluta, en skoða þarf þessi mál í samstarfi við önnur sveitarfélög, stýrihóp um menntun fyrir alla og e.t.v. fleiri. Sviðsstjórar fjármálasviðs og fjölskyldusviðs hafa rætt þetta og hafa óskað eftir kynningu hjá tveimur sveitarfélögum (Hafnarfirði og Kópavogi) og er heimsókn fyrirhuguð þangað í mars. Stefnt er að nothæfu líkani í apríl 2019.

Nr. 81. Stöðugildi við frístundaheimili

Í nýju reglunum frá því í fyrra eru viðmið sem hægt er að fara eftir. Hugsanlega þarf að endurskoða þau eitthvað og sú skoðun þarf að fara fram fyrir vinnu við fjárhagsáætlunavinnu í haust.

Nr. 82. Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Sviðsstjóra fjölskyldusviðs og fleirum líst vel á þessa tillögu, þ.e.a.s. að öll kennsla fari fram í húsnæði skólans á Stokkseyri. Þrátt fyrir að slíkar áherslur hafi einnig komið fram í samtölum við starfsfólk skólans og að margt í úttekjum að undanförunu mæli með að fara í breytingarnar er rétt að byrja á því að gera könnun meðal foreldra og starfsmanna og halda fundi með þeim um málið. Meðfygandi eru fagleg rök sem byggjast m.a. á fyrrgreindu og faglegri skoðun með Ingvari Sigurgeirssyni, prófessor við Menntavísindasvið HÍ. Hann hefur komið að ráðgjöf í skólaþróunarverkefnum víða um land og þekkir vel til breytinga á skólalagnum í mörgum sveitarfélögum og þar með talið á Eyrarbakka og Stokkseyri. Eftirfarandi atriði væru liður í því að efla faglegt starf, starfsaðstæður starfsfólks og námsaðstæður og árangur nemenda:

- 1) Auðveldara er að byggja upp öflugt stjórnendateymi þegar allir skólastjórnendur eru á sama stað – þeir fá betri yfirsýn yfir starfið
- 2) Skólastjórnendur eiga auðveldara með að veita endurgjöf og vera sýnilegir í kennslu - kennarar hafa greiðari aðgang að stjórnendum
- 3) Auðveldara er að skipuleggja faglega samvinnu kennara
- 4) Auðveldara er að vinna að umbóta- og þróunarstarfi þegar allir kennarar og skólastjórnendur eru á sama stað
- 5) Rekstrarlegt hagræði, sem fylgir einni starfsstöð fyrir um 130 nemendur, auðveldar alla endurnýjun á húsgögnum og búnaði, m.a. í sérgreinastofum
- 6) Tæki og gögn nýtast mun betur
- 7) Minni tími fer í skólaakstur með eldri nemendur skólans í list- og verkgreinar og íþróttir, það gæti stuðlað að betri líðan þeirra og námsárangri

- 8) Auðveldara er að byggja upp góðan starfsanda og sterka skólamenningu þegar skólastarfið er á einum stað
- 9) Vinna sérkennara og annarra sérfræðinga nýttist mun betur þegar starfið er á einum stað
- 10) Unnt er að nýta betur möguleika sem samskipti ólíkra aldurs hópa gefa (vinabekkir, vinaliðaverkefni, lestrarvinir, verkefni þar sem byggt er á aldursblöndun, t.d. í þemavikum eða öðrum þemaverkefnum)
- 11) Auðveldara er að skipuleggja viðburði
- 12) Auðveldara verður að fást við forföll starfsmanna
- 13) Auðveldara gæti verið að laða að kennara og annað fagfólk
- 14) Unnt verður að nýta skólahúsið á Eyrarbakka undir önnur verðug verkefni

Nr. 83. Skráning í mat.

Lagt er til að skráning þeirra sem matast í grunnskólum sveitarfélagsins, nemendur og kennarar, verði efl.

Unnt er að bæta þessi mál en það kallar á nýtt kerfi sem auðveldar alla þá vinnu. Þetta þarf m.a. að skoða með tölvudeild og stefna að því að endurbætur hafi verið gerðar eigi síðar en í ágúst 2019.

Nr. 84. Frístundaakstur

Skoðað verði hvort hægt sé að samnýta bíla í skólaakstri og frístundaakstri. Skoðun fari fram í samstafi skólastjóra og deildarstjóra menningar- og frístundaþjónustu. Ef sú skoðun gefur tilefni til breytinga þurfa þær að taka gildi í upphafi næsta skólaárs.

Nr. 85. Upplýsingamiðstöð, vinnufyrirkomulag.

- Einn starfsmaður er í upplýsingamiðstöð ferðamanna yfir vetrartímann frá miðjum september til loka maí frá kl 10:00 – 16:00 virka daga og kl. 10:00 – 14:00 á laugardögum. Yfir sumartímann er einn starfsmaður á vakt frá 8:00 – 18:00 virka daga, lau. frá kl. 9:00 – 16:00 og sun. frá kl. 9:00 – 15:00
- Starfsmenn bókasafnsins og upplýsingamiðstöðvarinnar hafa unnið saman að afgreiðslu báðu megin þegar mikið er að gera sem er frábært samstarf og eitthvað sem hægt er að efla enn frekar.
- Teljum ekki þörf á að bæta við né minnka starfsgildi í upplýsingamiðstöð enda aldrei fleiri en einn á vakt þar sem samstarf við bókasafnið er mjög gott

Nr. 86. Starfsemi upplýsingamiðstöðvar sameinað bókasafni.

- Höfum rætt þennan möguleika og ýmislegt mælir með sameiningu en starfssvið upplýsingamiðstöðvar er samt það sérhæft að við teljum styrk fólgin í því að ákveðnir starfsmenn sinni því megin verkefni en gott samsstarf sé milli beggja aðila líkt og hefur verið.
- Teljum lítið sem ekkert fjárhagslegt hagræði verða ef þessar tvær starfsemir væru sameinaðar en skoða þarf betur faglegt og stjórnunarlegt hagræði

Nr. 87. Opnunartími bókasafns.

- Opnunartíminn var aukin sl. sumar í tengslum við upplýsingamiðstöðina og nú er opið frá kl. 8:00 – 19:00 alla virka daga og kl. 10:00 – 14:00 um helgar frá 1. sept. – 31.maí en síðan yfir sumartímann er opið alla virka daga frá kl. 8:00 – 18:00, lau. Kl. 9:00 – 16:00 og sun. kl. 9:00 – 15:00
- Um helgar er lágmarksmannskapur og í raun var viðbótarkostnaður við aukin opnunartíma óverulegur þar sem alltaf voru tveir starfsmenn í bókasafninu áður en núna er einn frá bókasafninu og einn frá upplýsingamiðstöðinni á vakt sem aðstoða hvern annan

- Teljum ekki þörf á að minnka opnunartímann aftur þar sem opnunartíminn hefur frekar fengið jákvæð viðbrögð gesta en endurskoða þarf afgreiðsluhlutann ef þjónustuver ráðhússins kemur niður á bókasafnið.

Nr. 88. Yfirvinna hjá sundstöðum.

- Nánari greining á yfirvinnu í Sundhöll Selfoss er í gangi en til einfaldrar útskýringar þá hafa bæði verið mikil veikindi sem og er starfsmaður sundlauganna að sinna ákveðni tæknivinnu aukalega sem sparar um leið kostnað við iðnaðarmenn. Við næstu fjárhagsáætlun þar að skilgreina yfirvinnukostnað betur svo hún sé gegnsæ og skiljanlegri.

Nr. 89. Skráning á orkunotkun.

- Góð hugmynd að skoða þennan hluta nánar til að gera alla meðvitaðri um kostnað
- Skoða betur með tilliti til fleiri stofnana, svo sem hvernig sé best að skrá og skoða bæði rafmagn og hita.

Nr. 90. Vinnutími við íþróttahús Sunnulækjarskóla

Lagt er til að vinnutími starfsmanna við íþróttahús Sunnulækjarskóla verði tekinn til endurskoðunar með hliðsjón af því að starfsmaður er á vakt að hluta til á kvöldin þegar engin starfsemi er í húsinu.

Verður tekið til skoðunar í apríl 2019 og þörfin endurmetin.

Nr. 91. Tímaskráning og verkþókhald.

Lagt er til að starfsmenn skrái sjálfir rafrænt þau verk sem þeir vinna í tímaskráningarkerfi. Stjórn framkvæmda- og veitusviðs hefur ákveðið að kaupa DMM viðhalds- og verkefnisstjórnunarkerfi sem mun nýtast Selfossveitum og þjónustumiðstöð m.a. við rafrænar skráningar á manntímum, notkun aðfanga o.s.frv. Unnið er að innleiðingu kerfisins og ætti notkun þess að hefjast á vormánuðum. Gert er ráð fyrir að rafrænar tímaskráningar verði komnar á síðar á árinu.

Nr. 92. Rafrænar umsóknir og tilkynningar. (Upplýsingaþjónusta, stafræn stjórnarsýsla/Tölvuþjónusta)

Lagt er til að hægt verði að sækja um þjónustu hjá framkvæmda- og veitusviði rafrænt.

Nýr Árborgarvefur er í undirbúningi og er sú vinna hluti af stefnu sveitarfélagsins í því að auka rafræna þjónustu við íbúa. Á nýjum vef er stefnan að hægt verði að sækja rafrænt um þjónustu hjá framkvæmda- og veitusviði m.a. umsóknir um heimtaugar og koma ábendingum á framfæri. Hugsanlega byði nýtt Árborgar smáforrit(app) upp á það að tilkynna bilanir og frávik í veitukerfinu. Jafnframt er verið að skoða samning við nýtt landupplýsingakerfi sem býður upp á bilanatilkynningar í sms-þjónustu.

Nr. 93. Sorpílát.

Útfærslur á þessari athugasemd verða unnar í samráði við verktaka í sorphirðu.

Nr. 94. Losun á sorpi hjá stofnunum sveitarfélagsins.

Á næstu vikum verður farið í kynningu á öllum stofnunum á breyttu fyrirkomulagi í sorphirðu. Ráðgjafar verða til staðar til að leiðbeina um sorpflokkun og geta aðstoðað forstöðumenn til að ákvarða stærð og gerð íláta sem hentar rekstri viðkomandi stofnunnar.

Nr. 95. Mæladeild.

Í sveitarfélaginu Árborg er nú í dag yfir 3500 mælagrindur hitaveitu uppsettar og þeim fylgja reglulega bilanatilkynningar og þjónusta sem mæladeild veitunnar sér um. Undafarin misseri hafa bæst við um 100-200 mælagrindur á ári auk þess sem endurnýjaðir eru yfir 500 mælar á ári vegna löggildingar mæla. Fyrirséð er að umsvif þessarar deildar muni aukast á næstu árum. Litið er svo

á að þessi þjónusta sé hluti af kjarnastarfssemi Selfossveitna og því mikilvægt að þessi störf séu sem mest unnin af starfsmönnum veitunnar.

Nr. 96. Viðhaldskerfi fyrir Veitur.

Lagt er til að því verði hraðað að innleiða nýtt viðhaldskerfi fyrir veitur.

Stjórn framkvæmda- og veitusviðs hefur ákveðið að kaupa DMM viðhalds- og verkefnisstjórnunarkerfi. Undurbúningur er þegar hafinn að innleiðingu kerfisins og gert er ráð fyrir að hugbúnaðurinn muni nýtast veitum vel þegar á þessu ári, sjá einnig lið nr. 91.

Nr. 97. Samstarf Byggingarfulltrúa og Veitna.

Lagt er til að tekið verði upp meira samstarf á milli byggingarfulltrúa og veitna en verið hefur og þá sérstaklega varðandi nýframkvæmdir.

Í mars og apríl verður lögð sérstök áhersla á að skilgreina þau teymi sem þurfa að sinna ýmsum verkefnum hjá sveitarfélaginu. Lýst verður ábyrgð og verkefnum þessara teyma. Skilgreint verður sérstakt teymi og ábyrgð þess vegna tillögu 97.

Nr. 98. Bakvaktageiðslur í útköllum hjá Selfossveitum.

Lagt er til að greiðslur vegna útkalla á bakvöktum verði endurskoðað.

Þessi tillaga verður skoðuð með launadeild með hliðsjón af kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags. Bakvaktir og útköll verða innleidd í Vinnustund.

Nr. 99. Umsjónamaður fasteigna.

Verið er að skoða leiðir til að ná markmiði tillagna HLH um að umsjónarmaður fasteigna hafi yfirumsjón með öllum fasteignum Árborgar. Liður í þeirri vinnu er að setja á stofn sérstaka eignanefnd og skýra hlutverk umsjónarmanns eignadeildar í nýju skipuriti.

Nr. 100. Umsjón með viðhaldi á leiguíbúðum.

Samningur við núverandi verktaka um viðhald leiguíbúða byggir á útboði. Tillögu HLH að breyttu verklagi er beint til fyrirhugaðar eignanefndar til frekari umfjöllunar.

Nr. 101. Smiðir í viðhaldsverkefnum.

Núverandi fyrirkomulag á þjónustukaupum frá þjónustumiðstöð hefur gengið vel. Leggjum til að núverandi fyrirkomulag verði áfram óbreytt. Því er beint til þjónustumiðstöðar að dreifa mönnum á verkefni eftir umfangi verks.

Nr. 102. Bókun viðhalds.

Lagt er til að reglur verði gerðar skýrari varðandi gjaldfærslu á viðhaldi, þ.e. hvaða viðhaldskostnaður er eignasjóðs og hvaða viðhaldskostnaður er kostnaður viðkomandi stofnunar.

Leiðbeiningarbók er til, hana þarf að uppfæra og passa að senda á allar stofnanir. Farið verður í þessa vinnu í apríl.

Nr. 103. Tilfallandi verkefni í verktöku. (Stjórnsýslusvið/Hagdeild)

Auglýst hefur verið eftir verktökum á verktakalista eignadeildar og tilboðum í tímavinnu. Ýmis verk eru komin í útboðsferli eða í undirbúningi útboðs.

Nr. 104. Main Manager, fasteignastjórnunarkerfi.(Tölvuþjónusta)

Málið hefur verið tekið til umfjöllunar í framkvæmda- og veitustjórn. Vonast er til að niðurstaða liggi fyrir fljótlega.

[Nr. 105. Viðhaldssaga fasteigna.\(Skjalþjónusta/Skipulagsþjónsuta\)](#)

Þessu hefur verið að mestu leiti verið haldið til haga á undanförunum misserum. Með tilkomu nýs fasteignausmjónarkerfis aukast möguleikar til rafræns utanumhalds og skráningu á viðhaldssögu.

[Nr. 106. Gjaldskrá á gámasvæði.](#)

Farið verður í vinnu við endurskoðun á gjaldskrá gámasvæðis og endurskoðuð gjaldskrá verði lögð fram til samþykktar á vormánuðum.

[Nr. 107. Gámasvæðið.\(Stjórnsýslusvið/Hagdeild\)](#)

Þessari tillögu verður beint til nefndar sem sorpmál heyra undir til frekari skoðunar og úrvinnslu.

[Nr. 108. Losun rusladalla.](#)

Úrvinnsla tillögunnar verður unnin í samráði við verkstjóra þjónustumiðstöðvar. Nú þegar hafa verið gerðar breytingar á tunnum á fjölförnum stöðum, ílátin stækkun og hirða unnin af sorphirðuverktaka samhliða almennri sorphirðu.

[Nr. 109. Reglulegir fundir.](#)

Reglulegir fundir hafa verið settir á milli aðila sem vinna að útiverkum sbr. tillögu Haraldar. Deildarstjóri framkvæmda- og þjónustu ásamt verkstjóra þjónustumiðstöðvar og garðyrkjustjóri funda vikulega um verk sem framundan eru.

[Nr. 110. Verknúmer.](#)

Lagt er til að verknúmer verði gerð einfaldari en nú er og þau verði aðgengileg rafrænt.

Byrjað er að vinna í þessu í samráði við þjónustuaðila bókhaldskerfis og verður hún unnin með mannvirkja- og umhverfissviði. Stjórn framkvæmda- og veitusviðs hefur ákveðið að kaupa DMM viðhalds- og verkefnisstjórnunarkerfi sem mun nýtast vatns-, hita- og fráveitu ásamt þjónustumiðstöð. Einnig er til skoðunar að kaupa Main Manager hugbúnað fyrir eignadeild. Með tilkomu þessara forrita mun skapast möguleikar til að efla rafrænt utanumhald verkefna m.a. gera vinnu við verknúmer nútímalegri og skilvirkari.

Stefnt er að því að þetta verði komið í horf í september 2019.

[Nr. 111. Upplýsingar um fjárhagsstöðu framkvæmda.](#)

Lagt er til að séð verði til þess að hægt sé að kalla fram upplýsingar um fjárhagsstöðu allra verka úr bókahaldi sveitarfélagsins á hverjum tíma.

Eins og kemur fram í umfjöllun um tillögu 110 er í undirbúningi að innleiða nýjan hugbúnað til að halda utan um verkefni sem unnin eru á framkvæmda- og veitusviði. Hugbúnaðarkerfi fyrir viðhaldsstjórnun og rekstur munu bæta fjárhagslega yfirsýn framkvæmda. Stefnt er að því að kerfin sem um ræðir verði komin í gagnið síðar á árinu.

Deildarstjóri bókhaldsdeildar skoða þetta í apríl/maí. Stefnt er að því að þetta verði komið í horf í september 2019.

[Nr. 112. Vinna þjónustumiðstöðvar á Stokkseyri og Eyrarbakka.](#)

Tillögur að bættu fyrirkomulagi verða unnar í samráði við verkstjóra þjónustumiðstöðvar, verkstjóra vatns-og hitaveitu og mannauðsstjóra/launadeild. Útfærslan þarf að taka mið af gildandi kjarasamningum.

Nr. 113. Aðgangur að framkvæmda- og veitubjónustu og skipulags og byggingarfulltrúa.

Tillagan felur í sér í raun tvö mál, annars vegar aðgengi að skrifstofum og hins vegar fjölda starfsmanna.

Varðandi aðgengi að starfsfólki á skrifstofu þá hefur verið fenginn arkitekt til að gera tillögur að breytingum á skipulagi skrifstofuhlutans með það að markmiði að stýra aðgengi viðskiptavina að starfsmönnum. Gert er ráð fyrir að vinna að breytingum á innra skipulagi verði framkvæmd veturinn 2019/2020 samhliða því að gömlu dælustöðinni verður breytt í skrifstofuaðstöðu. Á fjárhagsáætlun ársins 2019 er gert ráð fyrir að setja upp rafdrifið hlið að útisvæði við Austurveg 67 og bæta með því aðstöðu til lokunar útiports.

Ábending Haraldar varðandi fjölda starfsmanna í afgreiðslu er tekin til greina en ekki þykir ástæða til að bregðast sérstaklega við henni eins og sakir standa. Ekki er ljóst hversu mikið vinnufyrirkomulag muni breytast með hliðsjón af tillögum í skýrslunni. Starfsmenn í móttöku sinna fjölmörgum öðrum störfum en að sinna móttöku. Rétt þykir að benda á að ef einn starfsmaður yrði í móttöku hússins þyrftum við samt sem áður að nýta hinn starfsmanninn í úrvinnslu annara verkefna.

Nr. 114. Fjöldi stöðugilda í þjónustumiðstöð.

Fækkun starfsmanna kemur til með að hafa í för með sér aukna aðkeypta vinnu eða skerðingu á þjónustu. Lagt er til að stöðugildum í þjónustumiðstöð verði ekki fækkað.

Nr. 115. Verkefni sem heyrðu undir Landbúnaðarnefnd

Í drögum að nýju skipuriti fyrir Mannvirkja og Umhverfissvið er tillaga um hvernig þessum málum verður háttað. Ef til vill ætti hluti málaflokksins að heyra undir stjórnarsýslu og skipulagssvið s.s. landnýting, landnotkun, útleiga landa, fjallskil, umsjón skurðakerfis ofl. og hluti undir dýraeftirlit s.s. lausaganga búfjár en það þarf að útfæra í nýjum erindisbréfum nefnda.

Nr. 116. Skil á gögnum til skipulags- og byggingarfulltrúa.

Lagt er til að umsækjendum um byggingarleyfi o.s.frv. verði gert að skila inn öllum teiknum og öðrum gögnum til skipulags- og byggingarfulltrúa rafrænt. Jafnframt að allar umsóknir verði rafrænar.

Unnið verður úr þessari tillögu í samstarfi skipulagsdeildar og Stjórnarsýslusviðs. Stefnt að fullum árangri ekki síðar en í október 2019.

Nr. 117. Skipulags- og byggingarfulltrúi.

Lagt er til að starfi skipulags- og byggingarfulltrúa verði skipt í skipulagsfulltrúa annars vegar og byggingarfulltrúa hins vegar. Þeir vinni síðan náið saman. Þessi tilhögun verður viðhöfð og innleiðingu lokið ekki síðar en í maí 2019.

Nr. 118. Gagnaver

Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að útvista gagnveri sveitarfélagsins. Ekki er langt síðan að ég gerði verðkönnun á hvað mundi kosta bara að leigja svæði fyrir SQL gögn sem við erum með þó nokkuð mikið magn og fyrir einn 500GB sql-grunn hefði kostað 86.000.- á mánuði. En sennilega eru öll okkar gagnasvæði u.þ.b. 20 Terabæt (hef þó ekki tekið saman nýlega þannig að þetta gæti verið meira) þannig að talið er að borgi sig engan vegin að vista gögn sveitarfélagsins annarstaðar hjá einkafyrirtæki. Einnig er settur fyrirvari um það vegna nýrra persónuverndalaga hvort þetta sé leyfilegt í öllum tilfellum. Fjárhagslegri úttekt á þessu verði lokið í september 2019.

Nr. 119. Ljósleiðari

Lagt er til að skoðað verði hvort mögulegt sé að selja ljósleiðara sem Selfossveitur eiga og sveitarfélagið rekur.

Talið er að kostnaður muni hækka ef við þyrftum að kaupa netsambönd af þriðja aðila. Kostnaðargreining verði lögð fram við gerð fjárhagsáætlunar haustið 2019.

Nr. 120. Ljósritunavélar og Prentarar

Lagt er til að skoðað verði að fækka ljósritunarvélum og prenturum samhliða því að unnið verði markvisst að því að draga úr pappírnotkun hjá sveitarfélaginu. Kannað verði jafnframt hvort til greina komi að leigja þessi tæki að undangengnu útboði.

Þetta ferli er komið í gang og unnið jöfnum höndum að því. Einnig er verið að innleiða “follow me“ prentun það sem fólk þarf að auðkenna sig inn á tækið til að sækja prentun, þar sem þetta hefur verið gert hefur prentun minkað. Unnið er að því jöfnum höndum að fækka litlum og óhagkvæmum prenturum. Árangur verði metinn í september 2019 og skilað yfirliti um hvað enn er óunnið þá.

Nr. 121. Viðhald á félagslegum leiguíbúðum.(Ráðgjafapjónusta)

HLH leggur til að settar séu ákveðnar umgengisreglur um félagslegt húsnæði til að ná niður viðhalds- og rekstarkostnaði. Ljóst er að taka þarf þessa tillögu til skoðunar. Lagt er til að starfsmenn sveitarfélagsins kynni sér hvað önnur sveitarfélög hafa verið að gera í þessum efnum. Nýjar umgengisreglur fyrir félagslegt húsnæði þarf að taka til umföllunar í félagsmálanefnd. Stefnt er að endurskoðun á reglum ljúki í haust.

Nr. 122. Húsaleiga

Lagt er til að húsaleiga á fermetra á leiguíbúðum verði endurskoðuð. Í stað þess að miða við hlutfall af fasteignamati verði fast verð á hvern fermetra. Við þessa endurskoðun verði sjálfbærni félagsins höfð til hliðsjónar.

Húsaleiga verður tekin til endurskoðunar með það að leiðarljósi að gera rekstur Leigubústaða og Byggingarsjóðs sjálfbæra. Farið verður í þessa vinnu við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2020.

Nr. 123 Sandvíkursetur ehf.

Lagt er til að skoðað verði hvort mögulegt sé að hækka leiguverðið hjá félaginu til að draga úr því fjármagni sem sveitarfélagið þarf að leggja félaginu til.

Gildandi leigusamningur við Háskólafélag Suðurlands gildir til ársloka 2022. Forsendur leigusamnings og reksturs skoðaðar og endurmetnar veturinni 2019-2020.

Nr. 124. Selfossveitur BS.(Veitur)

Lagt er til að skoða verði að Selfossveitur bs. geri upp skuld við Sveitarfélagið Árborg

Þetta verður skoðað vel. Hægt er að saxa á skuldina með því að skuldajafna húsaleigu og orkugjöldum á móti skuldinni. Einnig er hægt að taka lán og greiða skuldina upp að fullu. Niðurstaða liggja fyrir í október 2019.

Nr. 125. Fjögur svið.

Lagt er til að stjórnarsýsla sveitarfélagsins verði samsett af fjórum sviðum, stjórnarsýsluþjónustu, fjármálaþjónustu, fjölskylduþjónustu og veitu- og framkvæmdaþjónustu. Mannauðsstjóri heyrir beint undir bæjarstjóra.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 27. febrúar 2019. Lokið 1. mars 2019.

Nr. 126. Stjórnsýsluþjónusta.

Lagt er til að stjórnsýsluþjónusta skiptist í fjórar deildir, almenn skrifstofa, upplýsingamál, tölvudeild og lögfræðimál. Yfirmaður sviðsins verði sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

Samþykkt í bæjarstjórn 27. febrúar, með þeirri breytingu að skipulagsdeild verður hluti sviðsins. Innleiðingu verði að fullu lokið í maí 2019.

Nr. 127. Upplýsingamál.

Lagt er til að upplýsingamál sveitarfélagsins verði eflað m.a. með öflugri vefsíðu. Atvinnu- og viðburðarfulltrúi færast yfir á stjórnsýsluþjónustu og beri starfsheitið upplýsingafulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.

Nýr Árborgarvefur verði opnaður fyrir árslok. Hann skiptist í innri vef sem er ætlaður til upplýsingamiðlunar fyrir starfsfólk, og ytri vef sem ætlað er að efla upplýsingamál sveitarfélagsins. Starf upplýsingafulltrúa verður metið í samstarfi hlutaðeigandi starfsmanna og bæjarritara og afstaða tekin til þess hluta tillögunnar ekki síðar en í apríl 2019.

Nr. 128. Þjónustuver.

Lagt er til að þjónustuverið verði eflt þannig að þar fái þjónustuvegar fyrstu svör og viðbrögð hjá sveitarfélaginu. Starfsmenn þjónustuversins fái reglulega starfsþjálfun þar sem þeir verði m.a. þjálfaðir til þess að geta svarað hinum ýmsu fyrirspurnum. Yfir verkinu verði deildarstjóri og stöðugildi þar aukið.

Nú þegar hefur verið hafist handa við þessa vinnu. Starfsfólki í þjónustuveri gefst nú svigrúm til að efla og bæta stöðu sína og þekkingu á tímanum milli 8:00 og 10:00 á morgnana. Unnið verður enn frekar að úrbótum í þessa veru þegar nýr bæjarritari tekur til starfa. Jafnframt mun nýjum Árborgarvef ætlað að styðja við þessa viðleitni. (sbr. tillögu 37). Deildarstjóri hefur verið skipaður í þjónustuveri. Afstaða verður tekin til aukins stöðugildis í vinnu við fjárhagsáætlun haustið 2019.

Nr. 129. Staðsetning þjónustuvers.

Lagt er til að skoðað verði með að flytja þjónustuverið niður á fyrstu hæð í Ráðhúsinu og þjónustuverið deili hæðinni að hluta með bókasafninu.

Þetta þarf að vinna með arkitektum og skoða nýtingu Ráðhússins í leiðinni. Tillögur varðandi þetta mál ættu að liggja fyrir við gerð fjárhagsáætlunar haustið 2019.

Nr. 130. Fjölskylduþjónusta.

Lagt er til að málefni fjölskylduþjónustu heyri undir fjóra verkefnastjóra (deildarstjóra), verkefnastjóra í málefnum fatlaðra, aldraðra og flóttamanna, verkefnastjóra félagslegrar ráðgjafar, verkefnastjóra í sérfræðiþjónustu grunn- og leikskóla og íþrótt- og frístundafulltrúa. Síðan heyra skólastjórar grunnskóla og leikskólastjórar beint undir sviðsstjóra fjölskylduþjónustu.

Úrlausn á þessari tillögu var samþykkt í bæjarstjórn 27. febrúar og eru deildarstjórar Fjölskyldusviðsi nú fimm.

Nr. 131. Húsnæði Ráðhússins.

Lagt er til að skoðað verði að endurskipuleggja fyrirkomulag í Ráðhúsinu með hliðsjón af framangreindum tillögum og Ráðhúsið verði sem mest í opnu rými.

Þetta þarf að vinna með arkitektum og skoða nýtingu Ráðhússins í leiðinni. Tillögur varðandi þetta mál ættu að liggja fyrir við gerð fjárhagsáætlunar haustið 2019 (sbr. tillaga 129).

Nr. 132. Framkvæmda- og veitubjónusta.

Lagt er til að skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi heyri undir framkvæmda- og veitubjónustu. Jafnframt að tjaldsvæði færist undir framkvæmda- og veitubjónustu.

Bæjarstjórn samþykkti þann 27. febrúar að skipulags- og byggingarfulltrúi heyri undir Stjórnsýslusvið en fallist er á að tjaldsvæði heyri undir Mannvirkja- og umhverfissvið.